

Hafið kveikt á NumLock hægra megin á lyklaborðinu. Að ná fram sértáknum úr lyklaborði (sjá bls. A-2).

Gæsalappir – Tilvitnunarkerki – Íslensk tilvitnunarkerki eru: „ og “

Á eftir og á undan gæsalöppum er ekki bil.

Punktur, komma, upphrópunarkerki og spurningarkerki koma á undan gæsalöppum í lok setningar eða hluta setningar.

Gæsalappir má nota sem merki um afsökunarbeiðni, t.d. þegar slett er erlendum orðum eða orðskripum.

Gæsalappirnar koma þá strax á eftir orðinu, á undan punkti ef orðið er í lok setningar.

Orðréttar tilvitnanir eru auðkenndar með gæsalöppum.

Ef tilvitnanir eru mjög langar fer oft betur á því að hafa þær inndregnar og einfalt línubil. Þá eru gæsalappir óþarfar.

Fremri gæsalappir eru niðri á línu, þær aftari uppi.

Alt 0132 „

Alt 0147 “

Alt 0228 ä

Alt 0252 ü

Alt 0229 å

Alt 0248 ø

Hún sagði: „Þakka þér kærlega fyrir.“

„Í gær,“ sagði Haukur „var mjög gott veður í Reykjavík.“

Þetta var „joke“. Fáðu þér „smók“ hjá mér. Þær eru „púkó“.

Orðið „gæsalappir“ er komið úr þýsku Gänsefüsschen, sem telst til talmáls.

Gæsalappir heita einnig í þýsku Anführungszeichen.

Gåsefødder þekkist í dönsku sem tökuorð úr þýsku en algengara er að tala um gåseøjne, „gæsaaugu“.

Prósenta:

Fjöldi hundraðshluta (%)

Prómill: Einn af þúsundi (‰)

% Shift og 5

á lyklaborði



Alt 0137 %

Prósenta (táknuð með %) er mikið notuð og getur skilningur á því hvernig hún er fundin út skipt máli.

Hann hlaut aðeins 12 prósentu fylgi, það er ekki há prósentu.

Prósenta (%) er notuð til að tákna hundraðshluta af tölu.

Þannig er einnig hægt að skrifa 30% sem tugabrotið 0,3.

Prómill (‰) er einn tíundi af prósentu eða einn hluti af þúsund.

Það er táknað með ‰ $5‰ = 5/1000 = 0,005$

Alt 0181 μ

Lýðheilsustöð ráðleggur 10 μg af D-vítamíni á dag fyrir alla yngri en 61 árs en 15 μg fyrir 61 árs og eldri.

Í 100 grömmum af lýsi eru 30.000 μg RJ af A-vítamíni og 250 μg af D-vítamíni.

Gráðumerkið

Alt 0176 ° eða



á lyklaborði og orðabil

Alt 0247 ÷

100°C jafngilda 212°F.

Celcius-hitamælirinn er kvarðaður út frá bræðslu- og suðumarki vatns (0°C og 100°C).

Hæsti hiti sem mælst hefur á jörðinni var 57,7°C. Sá hiti var mældur í Líbýu í Afríku

13. september 1922. Lægsta hitastig sem mælst hefur á jörðinni var ÷89°C við

Vostok-rannsóknarstöðina í Suðurheimskauteyðimörkinni 21. júlí árið 1983.

Uppskrift (Brjóstletur)

er tákn/texti sem er hægra eða vinstra megin við annað tákn og birtist ofar á línunni, oft í stærðfræðiformúlum sem veldisvísar.

Niðurskrift (Hnéletur)

er tákn/texti sem er hægra eða vinstra megin við annað tákn og birtist neðar á línu, oft í efnaformúlum til að gefa til kynna fjölda atóma.

Sub^{script}

Niðurskrift

(Brjóstletur)

Super^{script}

Uppskrift

(Hnéletur)



Efnaformúlan fyrir vatn H₂O sem þýðir að vatnssameind er sett saman úr tveimur vetnisatómum og einu súrefnisatómi.

Sömu efni myndast við bruna eldsneytis í bílvélum og við bruna í líkama okkar við öndun, koltvíoxíð (CO₂) og vatn (H₂O).

1 cm³ af gulli vegur 19,3 g en 1 cm³ af silfri vegur 10,5 g.

Koltvísýringur er litlaus, lykjarlaus lofttegund. Efnaformúlan er CO₂.

Fermetri (m²) er flatarmálseining, jafnstór flatarmáli fernings sem er einn metri á hvern veg.

Rúmmetri (m³) (hugsaður) teningur, einn metri á hvern veg.